


GILDANDI SKIPULAG, með breytingu sem tók gildi 26.04.2017
Hluti þéttbýlisuppráttar - Egilsstaðir og Fellabær
Mkv. 1:10.000



GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Múlaþings hefur samþykkt að vinna óverulega breytingu á Aðalskipulagi Fljótaldshéraðs 2008-2028. Breyting er gerð á þéttbýlisupprætti fyrir Egilsstaði og Fellabæ, þar sem gert er ráð fyrir akbraut austanvert og samhliða norðurenda núverandi flugbrautar.

Breytingin felst í að svæði flugvallarins er stækkað um 3 ha og ný akbraut austan núverandi flugbrautar er afmörkuð á upprætti. Jafnframt er skýring á upprætti lagfærð í samræmi við skilgreiningar í gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, þ.e. Flugvöllur öryggissvæði er breytt í Flugvellir. Ekki eru gerðar breytingar á greinargerð aðalskipulagsins en stærð svæðisins er ekki tilgreind í henni. Ný akbraut er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um eflingu flugvallarins sem alþjóðaflugvallar.


Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er gerð breyting á deiliskipulaginu Egilsstaðaflugvöllur.

Skipulagsbreytingin er gerð vegna áforma Isavia Innanlandsflugvalla um að auka getu flugvallarins til að taka á móti millilandaþotum vegna óvæntra aðstæðna á Keflavíkurlugvelli eða öðrum flugvöllum landsins, þ.e. með gerð nýrrar akbrautar austanvert við norðurenda núverandi flugbrautar.

Markmiðið með breytingunni er að efla Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Framkvæmd nýrrar akbrautar er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Isavia Innanlandsflugvöllir sendi Skipulagsstofnun fyrirspurn um matsskyldu vegna framkvæmdarinnar í febrúar 2024. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 2. maí 2024 um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

BREYTT SKIPULAG
Hluti þéttbýlisuppráttar - Egilsstaðir og Fellabær
Mkv. 1:10.000



Á 136. fundi sínum þann 16. des. 2024 fjallaði umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings um hvort ofangreind áform séu í samræmi við Aðalskipulag Fljótaldshéraðs 2008-2028. Ráðið taldi að þau kalli á óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin hefur í för með sér óverulega breytingu á landnotkun, hún hefur áhrif á mjög takmarkað svæði og fáa einstaka aðila, sbr. gátlista fyrir mat á því hvort breyting geti talist óveruleg skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

SKÝRINGAR

- Mörk þéttbýlis
- Íbúðarsvæði
- Þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Blönduð byggð
- Íbúðarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Flugvöllur - brautir
- Flugvellir
- Efnistökusvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Vatnsverndarsvæði - brunnsvæði
- Vatnsverndarsvæði - grannsvæði
- Ár, vötn
- Náttúruverndarsvæði - svæði á náttúrumínjaskrá
- Stofnvegur
- Tengivegur
- Annar vegur
- Gönguleið
- Reiðleið
- Háspennulínur - loftlínur
- Háspennulínur - jarðstrengir
- Vatnsveita
- Þjóðminjaverndarsvæði

ÖNNUR SKIPULAGSGÖGN

Umhverfismatsskýrsla: Egilsstaðaflugvöllur – ný akbraut. Fyrirspurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum. Febrúar 2024.

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings þann 18. FEB. 2025

MÚLAÞING
SVEITARSTJÓRN
SÍGURDUR
SÍGURDUR

Afgreiðsla skipulagsins var auglýst þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 10. APRIL 2025

VERKIS
SKIPULAGSSTOFNUN



Múlaþing

Aðalskipulag Fljótaldshéraðs 2008-2028

Breyting: Egilsstaðaflugvöllur, ný akbraut

MKV. 1:10.000/A2 DAGS. 20. jan. 2025 VERKFANG: 11237-006
UNNIÐ AF: EBK RÝNT: EIJ SAMÞYKKT: KEP